
Menning

Leikhús · Bókmenntir · Myndlist · Tónlist · Dans

Pósthólf dauðans á spænsku

BÆKUR: Í vikunni sem leið kom út á Spáni skáldsagan Pósthólf dauðans eftir Kristin R. Ólafsson í þýðingu og aðlögun höfundarins sjálfs. Spænskur titill bókarinnar er Epitafio (Grafskrift). Þá hafa tekist samningar um að gefa út aðra bók Kristins R., Fjölmóðs sögu föðurbetrungs, einnig í þýðingu hans. Svo er komin út Historias desde el hielo (Sögur af ísnum) sem inniheldur barna- og unglingasmásögur frá Norðurlandaþjóðunum fimm. Þar hefur Kristinn R. Ólafsson valið og þýtt í samvinnu við Sol Álvarez þrjár íslenskar sögur, Ormagull eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson, Hlemm eftir Öddu Steinu Björnsdóttur og Sjö á landi, sjö í sjó eftir Iðunni Steinsdóttur.



Síðasta helgi

SÝNINGAR: Nú er komið að síðustu sýningarhelgi á verkum Eggerts Péturssonar í i8 gallerí á Klapparstíg 33. Sýningin hefur vakið mikla athygli. Opið er fimmtudaginn og föstudaginn frá kl. 11–18 og laugardaginn frá kl. 13-17. i8 verður lokað vegna sumarfrís í júlí og verður opnað aftur 31. júlí með sýningu á verkum eftir Roni Horn.

List og lenska



MYNDLISTARGAGNRÝNI
Aðalsteinn Ingólfsson

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu: Innsýn í erlenda samtímalist á Íslandi. Sýningin stendur til 7. september og er opin daglega kl. 10–17. Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15.00. Frítt er í húsið á mánudögum.

Samspil og víxlverkan íslenskrar og erlendrar myndlistar er umfjöllunarefni a.m.k. tveggja myndlistarsýninga sem nú standa yfir í bænum. Á opnunarsýningu „Safns" á Laugaveginum, sem nánar verður fjallað um á næstu vikum, er að finna íslenska samtímamyndlist í samhengi þeirrar alþjóðlegu listar sem þau Pétur Arason og Ragna Róbertsdóttir hafa sankað að sér í tímans rás. Í Hafnarhúsi, Listasafni Reykjavíkur, getur síðan að líta sýningu sem ber nafnið „Innsýn í erlenda samtímalist á Íslandi", sem Ingólfur Örn Arnarson myndlistarmaður hefur sett saman. Þar er líka að finna verk í eigu þeirra Péturs og Rögnu, en einnig verk úr fórum þriggja annarra einstaklinga og þriggja opinberra listasafna.

Á síðarnefndu sýningunni er vissulega margt áhugaverðra listaverka, jafnt gamalla kunningja sem verka sem ekki hefur áður verið flíkað, en helsta aðal hennar er samt sjálf upphengingin. Kaldranalegir salirnir á efri hæð Hafnarhússins hafa sjaldan myndað betri umgjörð utan um myndlistina en í þetta sinn sem helgast að miklu leyti af náttúru verkanna sem sýnd eru. Ýmist kallast harðhnjóskulegur arkitektúrinn á við myndraðir í naumu formi og grátónum (Douwe Jan Bakker) eða myndverk sem eru beinlínis arkitektónísk, samanber þrykk Donalds Judds, eða þá að hrátt yfirbragð verkanna fellur eins og flís við rass hrásteypunnar í sýningarsölunum; þetta á t.d. bæði við um verk Dieters Roths og Franz Grafs.

Ingólfur Örn hefur hugað vendilega að útliti verka og samspili þeirra í sýningarrýminu. Og haft erindi sem erfiði. Hins vegar virðist ýmislegt annað en innbyrðis samræmi verkanna hafa vakað fyrir honum, samanber hugleiðingar hans í sýningarskrá.

Staðbundin list og almenn

Ingólfur Örn hefur sem sagt hugað vendilega að útliti verka og samspili þeirra í sýningarrýminu. Og haft erindi sem erfiði. Hins vegar virðist ýmislegt annað en innbyrðis samræmi verkanna hafa vakað fyrir honum, samanber hugleiðingar hans í sýningarskrá. Illu heilli er þeim tæplega fylgt eftir í sjálfri sýningunni. Að vísu viðrar Ingólfur Örn almenna þanka um nauðsyn þess fyrir Íslendinga að eignast verk eftir erlenda listamenn og missa ekki af lestinni, samanber langvarandi vanmat landsmanna á myndlist Dieters Roths. Hér hefði ég viljað sjá hann skerpa á því argúmenti með tillögum um það hvers konar erlenda myndlist við ættum að bera okkur eftir, en sýnist hann þó vera hallur undir listamenn sem tengjast Íslandi með



INNSÝN: Verk eftir Roni Horn.

einum eða öðrum hætti, opna okkur nýja sýn á land okkar, veruleika og list: Roth, Roni Horn og nú síðast Matthew Barney. Ef þetta er rétt skilið, er ég öldungis sammála.

En áhugaverðari er samt stuttleg tilraun Ingólfs Arnar til skilgreiningar á því sem íslenskt er í íslenskri myndlist. Hann spyr: Er ekki öll góð myndlist bæði staðbundin og almenn? Og er myndlist erlends listamanns, sprottin upp úr íslenskum aðstæðum, nokkuð óíslenskari en verk listamanna sem fæddir eru á landinu, o.s.frv.? Ég hefði viljað sjá Ingólf Örn gera sjálfa sýninguna að vettvangi fyrir þessar hugleiðingar, í stað þess að láta stjórnast af auganu og sýningarrýminu.

Verk eftir frumkvöðla

Verkin á sýningunni eru frá síðustu 40 árum, flest frá síðustu tveimur áratugum. Til að áhorfendur freistist ekki til að halda að Íslendingar séu nýlega farnir að safna verkum erlendra listamanna er rétt að taka fram að í opinberum söfnum og einkasöfnum Íslendinga leynast verk, aðallega grafík, vatnslitamyndir og teikningar, eftir marga merkustu listamenn 20stu aldar, allt frá Munch til Antonis Tapíes. Þar á meðal er grafík eftir frumkvöðla á borð við Picasso, Miró, Chagall, Braque og Dali, málverk og teikningar eftir Cobra-menn (Jorn, Carl-Henning Pedersen, Heerup, Alfelt, Mortensen, Alechinsky, Rooskens), ýmsa meðlimi Parísarskólans (Vasarely, Deyrolle, Schneider), bandaríska frumkvöðla (David Smith, Oldenburg, Robert Morris) og loks fulltrúa evrópskra poppara, t.d. Hamilton, Kitaj, Adami, Fahlström.

Það skyldi þó ekki vera að frásagnir af landlægu áhugaleysi Íslendinga um erlenda myndlist séu stórlega ýktar? Úr því væri gaman að fá skorið.

Hexrec-hópurinn með tónleika í Vínarborg

Eyru Vínarbúa eru móttækileg fyrir fleira en Mozart og Vínarvölsum

Hljóðfærahópurinn Hexrec sem skipaður er tónskáldunum Hilmari Þórðarsyni og Ríkharði H. Friðrikssyni, ásamt blokkflautuleikaranum Camillu Söderberg hélt tónleika á Electronischer Frühlung tónlistarhátíðinni í Vínarborg nú nýlega. Á efnisskrá voru verk eftir Hilmar og Ríkharð auk þess sem flutt var verkið „Þar sem syndin er falleg" eftir Lárus Halldór Grímsson.

Tónleikarnir fóru fram í Alte Schmiede tónleikasalnum. Þeir voru mjög vel heppnaðir og viðtökur fóru fram úr björtustu vonum. Sannaðist þar að eyru Vínarbúa eru móttækileg fyrir fleiru en Mozart-sónötum og Vínarvölsum því dagskráin var mjög framsækin þar sem spiluð var eingöngu lifandi raftónlist. Hljóðfæranotkun er í mörgu mjög framandi því notaðar eru rafmagnsblokkflautur og rafhljóðfæri af ýmsum toga sem minna lítið á hefðbundin hljóðfæri.

Var auðsjáanlegt að tónleikagestir voru mjög spenntir fyrir þessum undarlega hljóðfærakosti

Var auðsjáanlegt að tónleikagestir voru mjög spenntir fyrir þessum undarlega hljóðfærakosti því eftir að hafa látið þakklæti sitt í ljós með miklu lófaklappi í lok tónleikanna þá gáfu margir þeirra sig á tal við hljómsveitarmeðlimi og vildu ólmir fá meiri upplýsingar um þessa nýju tækni sem notuð var við tónsmíðarnar. Reyndi hljómsveitin að svala þessari forvitni eftir fremsta megni en leysti síðan vandann með því að lofa að koma fljótlega aftur.



RAFTÓNLIST: Hexrec-hópurinn: Talið frá vinstri: Camilla Söderberg. Hilmar Þórðarson og Ríkharður H. Friðriksson.



FERDATASKA: Grunnáhöld hryðjuverkamannsins. Verk eftir Axel Lischke.

Meistarar formsins

Á laugardag verður sýningin „Meistarar formsins: Úr höggmyndasögu 20. aldar" opnuð í Listasafninu á Akureyri, en hún er gerð í samvinnu við Ríkislistasafnið í Berlín (Nationalgalerie Berlin).

Líklega hefur aldrei áður verið haldin sýning á höggmyndum á Íslandi sem endurspeglar á jafn hnitmiðaðan og yfirgripsmikinn hátt þróun vestrænnar nútímamyndlistar og þessi sýning í Listasafninu á Akureyri. Á sýningunni er íslenskum höggmyndalistamönnum jafnframt stillt upp í samhengi við þá sem heimsbyggðin þekkir og voru stefnumótandi, hver á sínum tíma. Alls eru verk eftir 43 listamenn á sýningunni, en þar af eru ellefu Íslendingar, og verkin um hundrað.

Sendiherra Þýskalands, dr. Hendrik Dane, og yfirsýningarstjóri Hamburger Bahnhofsafnsins í Berlín, sem heyrir undir Ríkislistasafnið, Britta Schmitz, verða viðstödd opnun sýningarinnar. Þá hefur verið gefin út 90 síðna bók á íslensku og ensku um listamennina og verkin á sýningunni.

Öll erlendu verkin nema eitt eru fengin að láni frá Ríkislistasafninu í Berlín. Verk íslensku listamannanna koma víða að, frá Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands, Listasafni Kópavogs, listasöfnum Sigurjóns Ólafssonar og Einars Jónssonar og Gallerí i8. Sýningin hlaut styrk úr Menningarborgarsjóði og lýkur henni miðvikudaginn 20. ágúst.